

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra er heimilt að setja á sérstakt gjald vegna sorphirðu- og eyðingar sbr. samþykkt nr. 433/2012 um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra. Gjöld samkvæmt gjaldskránni verða innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Á íbúðarhús, frístundahús, fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skipar sveitarstjórn í flokka eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	Heimili	Frístundahús	Lögbýli ***	Fyrirtæki
Grunngjald kr. *	16.879	12.038	7.239	14.769
Ílátagjald **	20.860			
Samtals kr.	37.739	12.038	7.239	14.769

* Grunngjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. reksturs gámostöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

** Ílátagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

*** Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram hefðbundið heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra 16. desember 2014, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2015 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 284/2014.

Hellu, 16. desember 2014.

Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri.